

Fimmtudaginn 3. september 1998.

Nr. 259/1998.

María Guðmundsdóttir
Sæbjörn Guðmundsson og
Bára Guðmundsdóttir

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Loga Guðbrandssyni
dómstjóra á Austurlandi

(enginn)

Kærumál. Dánarbú. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. júní sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 14. maí 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að dánarbú Stefáns Guðmundssonar yrði tekið til opinberra skipta. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðilar krefjast þess, að fyrrnefnt dánarbú verði tekið til opinberra skipta. Þeir krefjast einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt gögnum málsins lést Stefán Guðmundsson, sem var síðast til heimilis að Bakkastíg 9 a á Eskifirði, 30. apríl 1979. Erfingjar eftir hann voru sóknaraðilar, sem voru systkin hans, ásamt bróður þeirra, Kristni Guðmundssyni, og móður, Jóhönnu Magnúsdóttur. Opinber skipti á dánarbúi Stefáns voru tekin fyrir í skiptarétti Eskifjarðar 6. febrúar 1980 og að nýju 8. sama mánaðar, þegar lagðar voru fram yfirlýsingar sóknaraðila og Jóhönnu um umboð til Kristins. Var þá óskað eftir leyfi handa erfingjunum til einkaskipta á dánarbúinu, og varð skiptaráðandi við því síðastnefndan dag. Einkaskiptum var síðan lokið 13. febrúar 1980 með afhendingu einkaskiptagerðar í dánarbúinu og greiðslu erfðafjárskatts, allt samkvæmt skjölum, sem Kristinn undirritaði einn. Samkvæmt skipta-

gerðinni fékk Jóhanna arf sinn greiddan með því að fá lagða út fasteign að Bakkastíg 9 a á Eskifirði svo og með peningum. Sóknaraðilar og Kristinn fengu að arfi hvert um sig fjórðung fasteignar að Bakkastíg 15 og fjórðungshlut í árabát. Samkvæmt einkaskiptagerðinni fékk hver sóknaraðili að auki 102.864 gamlar krónur í peningum, en Kristinn 97.823 gamlar krónur ásamt hlutabréfum í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf., sem hann fékk lögð sér út á nafnverði, 5.040 gamlar krónur.

Með bréfi 22. apríl 1998 til Héraðsdóms Austurlands kröfðust sóknaraðilar þess, að dánarbú Stefáns yrði tekið til opinberra skipta. Voru þar einkum færð þau rök fyrir kröfunni, að sóknaraðilar minnst þess ekki að hafa fengið neinar greiðslur vegna sölu á eignum dánarbúsins, og telji af þeim sökum, að „lögformleg skipti hafi ekki farið fram á sínum tíma“. Að auki hafi sóknaraðilar aflað bréfflegra upplýsinga frá Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf. um, að hlutfjáreign hins látna í félaginu hafi ekki verið 5.040 gamlar krónur, eins og greindi í einkaskiptagerð og erfðafjárskýrslu, heldur 8.960 gamlar krónur. Hafi þau hlutabréf öll verið færð á nafn Kristins að Stefáni látnum.

Af gögnum málsins verður ráðið, að héraðsdómari hafi ekki tekið fyrir kröfu sóknaraðila um opinber skipti, fyrr en hann kvað upp hinn kærða úrskurð. Er svo að sjá, að héraðsdómari hafi þannig neytt heimildar í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 20/1991 til að hafna kröfu sóknaraðila með úrskurðinum án þess að gefa þeim eða öðrum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að láta málið frekar til sín taka.

II.

Skiptum á dánarbúi Stefáns Guðmundssonar var lokið 13. febrúar 1980 með þeirri einkaskiptagerð og greiðslu erfðafjárskatts, sem áður er greint frá. Við þau lok skipta fengu sóknaraðilar ásamt Kristni Guðmundssyni sér lagðan út hlut í fasteign og árabát, sem urðu þar með óskipt sameign þeirra. Sala þeirra eigna og ráðstöfun andvirðis þeirra varðar á engan hátt skipti á dánarbúinu, heldur slit á óskiptri sameign og ráðstöfun á andvirði hennar. Hugsanleg vanhöld á greiðslum til sóknaraðila vegna uppgjors á því andvirði geta þannig með engu móti orðið til þess, að skipti á dánarbúinu verði tekin upp að nýju.

Sóknaraðilar staðhæfa, sem fyrr segir, að við lok skipta á dánarbúinu hafi ekki verið tekið tillit til allrar hlutafjäreignar þess í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf. Þessi staðhæfing fær stoð í bréfi félagsins 23. september 1997 til lögmanns sóknaraðila, þar sem segir, að hlutafé hins látna hafi ekki verið 5.040 gamlar krónur, heldur 8.960 gamlar krónur, „þar eð áður höfðu verið gefin út jöfnunarbréf, 180%“. Þessi atvik, ef rétt reynast, kunna að geta orðið tilefni samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1991 til endurupptöku skipta með opinberum skiptum á dánarbúinu, sem myndu þó eingöngu geta varðað þá hugsanlegu eign, sem hér um ræðir. Er því ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 43. gr. sömu laga til að hafna kröfu sóknaraðila um opinber skipti, án þess að hún hljóti frekari meðferð fyrir dómi. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfu sóknaraðila um opinber skipti til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka til meðferðar kröfu sóknaraðila, Maríu Guðmundsdóttur, Sæbjörns Guðmundssonar og Báru Guðmundsdóttur, að dánarbú Stefáns Guðmundssonar verði tekið til opinberra skipta.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 14. maí 1998.

Ár 1998, fimmtudag 14. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. D 1 1998.

28. apríl sl. barst dóminum sú krafa Maríu Guðmundsdóttur, kt. 220329-4109, Smárahlið 7 a, Akureyri, Sæbjörns Guðmundssonar, kt. 271030-7469, Grænukeinn 30, Hafnarfirði, og Báru Guðmundsdóttur, kt. 030936-2059, Túngötu 2, Eskifirði, að dánarbú bróður þeirra, Stefáns Guðmundssonar, sem lést 30. apríl 1979, yrði tekið til opinberra skipta.

Í kröfunni er atvikum svo lýst, að árið 1979 hafi farið fram skipti á dánarbúi Stefáns Guðmundssonar. Virðist svo sem skiptabeidendur hafi veitt bróður sínum, Kristni Guðmundssyni, umboð til að selja og ráðstafa eignum dánarbúsins. Samkvæmt gögnum sýslumannsins á Eskifirði hafi einka-

skiptum lokið 13. febrúar 1980. Allt frá því hafi verið „kraumandi óánægja“ hjá skiptabeiðendum með framkvæmd skiptanna, og minnst þau þess ekki að hafa fengið greiðslur vegna sölu búsins. Telji þau af þeim sökum, að lögformleg skipti hafi ekki farið fram á sínum tíma.

Kröfu sína um töku dánarbúsins til opinberra skipta styðja skiptabeiðendur við 2. mgr. 38. gr. laga nr. 21/1991.

Á þeim tíma, er einkaskiptum á dánarbúi Stefáns Guðmundssonar lauk, voru í gildi lög nr. 3/1878. Í XX. kafla laga nr. 21/1991 er að finna ákvæði til bráðabirgða, sem gilda skulu um þau tilvik, þegar andlát hefur orðið fyrir gildistöku laganna. Af þessum ákvæðum verður ekki séð, að heimilt sé að taka dánarbú það, sem hér um ræðir, til opinberra skipta. Verður því að hafna kröfu skiptabeiðenda, sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 21/1991.

Logi Guðbrandsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu skiptabeiðenda um, að dánarbú Stefáns Guðmundssonar, sem fæddist 9. júní 1927 og lést 30. apríl 1979, verði tekið til opinberra skipta, er hafnað.
